

**1. fundur Skólaráðs – 21. október 2022.**

Mættir: Linda Rún Skarphéðinsdóttir fulltrúi foreldra, Sigrún Jóna Eydal fulltrúi grenndarsamfélagsins, Björg Eva Friðriksdóttir, 10.SEG fulltrúi nemenda úr nemendafélagi, Sólveig Baldursdóttir, fulltrúar kennara og Sigurlaug M. Ómarsdóttir, fulltrúi starfsmanna, Valgerður Júlíusdóttir, aðstoðarskólastjóri

Ekki mættir: Hekla Mist Einarsdóttir 9. SS, var í forvarnarfræðslu, Hrafnhildur Helgadóttir fulltrúi kennara.

Dagskrá:

1. Starfsáætlun skólaráðs skólaárið 2022-2023
2. Viðburða og skóladagatal
3. Skipulag og áherslur vetrarins
4. Starfsáætlun og skólanámskrá fyrir 2022-2023
5. Haustfundir  
Önnur mál

**1. Starfsáætlun skólaráðs**

Starfsáætlun skólaráðs yfirfarin út frá verkefnum og dagsetningar lagaðar. Fundardagar og tími ákveðinn. Allir sammála fundartíma á skólaráðsfundum föstudögum kl. 8:10 og starfsáætlun samþykkt.

**2. Viðburða og skóladagatal**

Skóla- og viðburðadagatal er á heimasíðu skólans. Á dagatalinu er skipulag vetrarins með helstu viðburðum skólaársins en síðan er annað dagatal með fundum starfsmanna. Farið var í gegnum fasta liði á viðburðardagatalinu. Víðistaðaskóli leggur áherslu á líðan nemenda og starfsfólks. Lýðræðisnefnd er að taka til starfa og mun byrja á því að fara yfir hvað gekk vel síðasta vetur. Sagt frá væntanlegu lýðræðisþingi og lýðræðisnefndum stiganna. Lýðræðisþing verður haldið 18. nóvember, átti að vera 4. nóvember. Rætt var um hversu mikil ánægja er með lýðræðisvinnuna og hversu margt jákvætt og skemmtilegt hefur komið út úr því. Mikilvægt er að nemendur eigi rödd og finni að það er hlustað á þá og hugmyndir þeirra. Niðurstöður úr lýðræðisþinginu verða kynntar fyrir skólaráði

**3. Farið yfir skipulag og áherslur vetrarins.**

Haustið fer vel af stað og skólinn vel mannaður, tveir kennarar eru að fara í fæðingarorlof og einn kemur til baka. Í skólanum er búið að skipa í teymi og eru öll lögbundin teymi starfandi við skólann ásamt teyllum sem tengjast verkefnum sem skólinn tekur þátt í t.d. grænfána- og heilsuteymi. Verið er að ráða leikstjóra fyrir söngleikinn og hefjast áheyrnarprufur í nóvember. Í desember verður velja nemendur hvaða söngleikur þau hafa. Hrönn skólastjóri átti mikið uppsafnað orlof sem hún er að taka út, verður fjarverandi í október og apríl.

**4. Starfsáætlun og skólanámskrár**

Starfsáætlun er í vinnslu, á lokametrum og verður sett á heimasíðu skólans þar sem skólaráðsmeðlimir geta skoðað bæði námskrár og starfsáætlun. Skólanámskrár fara

inn á heimasíðu skólans í dag. Símenntunaráætlun er í starfsáætlun skólans. Skólanámskrár kynntar lauslega á fundinum ásamt starfsáætlun skólans með fyrirvara um smávægilegar breytingar. Fundarmenn voru beðnir um að kynna sér starfsáætlun og skólanámskrár betur og undirrita síðan staðfestingu á að þessi skjöl hefðu verið kynnt fyrir skólaráði þegar að því kemur.

## 5. Haustfundir

Ákveðið að hafa haustfundi ekki strax eftir skólasetningu í þetta skipti svo foreldrar hefðu tækifæri til að vera á fleiri haustfundum barna sinna. Haustfundir 1.- 4. bekk var kl.8:10 mismunandi daga, nemendur fengu umferðafræðslu í fyrirlestrarsal á meðan.. Haustfundir nemenda á miðstigi fóru einnig fram frá kl.8:10-9:30 og mættu nemendur þá í skólann kl. 9:50. Hjá unglingadeild voru fundir boðaðir kl. 18. Mikil ánægja var með haustfundina þar sem kennarar gátu loksins hitt foreldrahópa sína eftir covid.

## Önnur mál

Rætt um lokun á Bólinu og umgengni nemenda. Jafnframt var rætt um áhættuhegðun nemenda í 8. bekk.

Fleira var ekki rætt – fundi slitið kl.9:00

Næsti fundur verður 25. nóvember kl. 8:10

Ritari: Valgerður Júlíusdóttir